

# AÐALUPPDRAÐTUR 1:100

## Einangrun

Einangrun er miðað við ákvæði gr. 180 um hámarks U-gildi einstakra byggingarhluta og vegið meðaltal U-gildi útveggja verður uppfyllt.

Notað verður K-gler í alla glugga.

Hámarksgildi kólnunartalna  
Byggingarhluta U-gildi W/m<sup>2</sup> K

- Útveggir ..... 0,40
  - Þak ..... 0,20
  - Gólf ..... 0,30
  - Gluggar + kamar + gler vegið meðaltal ..... 2,00
  - Hurðir ..... 3,00
- Útveggir, vegið meðaltal ..... 0,85

## Húslýsing

Húsið er einnar hæðar einbýlishús. Það stendur á hallafléttu lóð við götuna Hnoðravelli. Aðkoma að húsinu er úr norðri. Í húsinu er ein íbúð. Aðalinnangangur er á norðurhlíð nálægt miðju. Bakdyr eru í yfirbyggðu skoti fyrir framan bílskúr. Frá anddyri er gengið inn í stofu og eldhús. Þaðan er yfirsýn um allt húsið. Snýrting og þvottur eru við hlíð anddyris. Bílskúr er á aðalhláð hússins. Baka til í honum er rúmgóð geymsla, með útgang út í bakgarð. Stofan er tvískipt og er arinstofa 70 cm neðar. Gengið er inn í herbergi út frá gangi. Hjónaherbergi er við hlíð arinstofu.

## Byggingarlýsing:

Útveggir verða reistr úr forsteyptum samlokueiningum. Húsið verður byggt á steinsteyptar undirstöður. Útveggjaeiningarnar verða einangraðar að innan á milli byrða. Að utan verða einingarnar frágengnar með grófum steinsalla. Að innan verða veggirnir sandspartaðir og málaðir, með viðurkenndu málingarkerfi.

Girðing kring um setlaug verður klædd með gleri á stálstöðir.

## Þak

Þak verður bitasperruþak. Það verður borið uppi af stálbitum í mæni og til móts við arinn. Þakið verður einangrað með 20 cm steinullareinangrun. Það verður loftræst í samræmi við kröfur í Byggingarreglugerð. Þar sem þakhalli er undir 14 gráðum, skal vanda allan frágang við þakið. Ofan á borðaklæðningu skal setja tvö lög af vönduðum þakpappa. Styðjast skal við viðurkennt kerfi við frágang undirþaksins, t.d. icopal eða sambærilegt. Ysta byrði þakklæðningar verður t.d. zink, með samanlæstum falsi, fest niður með viðurkenndum festingum. Kantar og brúnir verða klædd með flasningum úr zinki.

## Opið eldstæði í stofu

Gert er ráð fyrir opnu eldstæði í stofu hússins. Varðandi frágang eldstæðis, er vísað til 192. gr. í Byggingarreglugerð. Eldstæði og reykháfur verða steinsteypt. Reykpiपा verður úr stáli eða steinsteyptu. Hana skal einangra með eldþolini einangrun. Um frágang eldstæðis er að öðru leyti vísað til leiðbeininga Brunamálastofnunar ríkisins og Rannsóknarstofnunar byggingariðnaðarinnar.

## Loftræsting

Öll lokuð gluggalaus innirými verða með vélrænni loftræstingu.

## Gluggar

Gluggar verða ál- tré gluggar, með tvöföldu einangrunargleri, svokölluðu K-gler. Álhluti gluggans verði koksgrár, en timburhluti gluggans verði hvítur.

## Útihurðir

Útihurðir verða úr harðviði.

## Gólf

Gólf verða staðsteypt. Undir plötu jarðhæðar verður einangrað með 75 mm einangrun. Sökkla skal einangra amk. 50 cm niður fyrir botnplötu.

## Inniveggir

Veggir kringum votrymi, verða steinsteyptir, eða hláðnir úr gjall- eða vikurplötum og múrhúðaðir. Aðrir innveggir verða gífsklæddir blikkstoðaveggir.

## Sorp

Sorpgeymsla verður á lóð við bílastæði í samræmi við skipulagsskilmála. Sorpgeymslan skal vera úr AEI60 byggingarhlutum. Stærð sorpgeymslu miðast við sorpflokkun.


## Lóð og bílastæði

Bílastæði og megin aðkomur innan lóðar eru steinsteyptar eða hellulagðar. Önnur svæði verða þakin grasi, plöntum og trjágróðri. Möguleiki verður á að hafa snjóbræðslu í gangstéttum og bílastæðum. Á lóð verða 3 bílastæði fyrir hvorn húshluta.


Setlaug skal girða af með 90 cm hárrí girðingu með læsanlegu hlíði. Hún skal vera með læsanlegu loki.

## Eldvarnir og brunatæknileg atriði

Burðarvirki hússins verður REI60. Veggir á milli bílskúrs og íbúðar verða EI60. Rýmningarleiðir eru nokkrar. Þær eru úr hverju herbergi út um glugga og út um dyr úr borðstofu. Minnsta stærð björgunaropa sé 50x50 cm. Reykskynjara skal setja upp í samræmi við byggingarreglugerð. Staðsetning, gerð og stærð handslökkvitækja skal vera í samræmi við reglugerðir og leiðbeiningar eldvarnareftirlits. Þakklæðningar skulu vera í flokki T. Klæðningar Innanhúss verða í flokki 1 og 2. Klæðningar í bílskúr og geymslu skulu vera í flokki 1. Hurð milli bílskúrs og þvottahúss og geymslu sé EIS 30.



Brúttóflatarmál húss 206,9m<sup>2</sup>  
Brúttórúmmál húss 689,5m<sup>3</sup>




## Grunnmynd jarðhæðar

HNOÐRAVELLIR 24  
Íbúðarhúsalóð 616,0 m<sup>2</sup>  
Landnúmer 204089  
Staðgreinir 3940 0240


óhreyft hraun

L=29,20

## Sneiðing A-A



## Afstöðumynd 1:500 HNOÐRAVELLIR



Hnoðravellir 24, Hafnarfirði  
Aðaluppdráttur  
Grunnmynd, kennisíð, afstöðumynd og byggingarlýsing.  
Hannað: SA  
Reiknað: SA  
Teiknað: SA  
Yfirfarið: SA  
Breytt:

Stigurborgur Árnason arkitekt kt. 050658-3229 Norðurvangi 44 - 200 Hafnarfirði sími 820 8283 arkitektinn@simnet.is

Signature of Stigurborgur Árnason

Kvarði: 1:100 1:500  
Dagss.: 30.03.2007  
Verk nr.:  
Teikn. nr.: A 101